

N-lax ehf.  
Auðbrekku  
641 Húsavík

Akureyri, 26. maí 2023  
UST202303-307/S.R.B.  
08.04

### Ákvörðun um framlengingu starfsleyfis N-lax ehf. Auðbrekku

Vísað er til umsóknar N-lax ehf. um endurnýjun á starfsleyfi, dags. 28. mars sl., og samskipta Umhverfisstofnunar við rekstraraðila þar sem óskað er eftir framlengingu á starfsleyfi sem gefið var út fyrir eldi landeldi að Auðbrekku, Norðurþingi. Starfsleyfisumsókn var samþykkt fullnægjandi þann 26. apríl sl.

Skv. 4. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir má útgefandi starfsleyfis framlengja gildistíma starfsleyfis meðan nýtt starfsleyfi er í vinnslu, að hámarki til eins árs, hafi fullnægjandi umsókn borist útgefanda. Áform um framlengingu voru auglýst á heimasíðu Umhverfisstofnunar 2. maí til og með 9. maí. Engar athugasemdir voru gerðar við áformin.

Gildistími starfsleyfisins var til 20. mars 2023. Að því virtu mun framlengingin sem hér er veitt gilda þar til nýtt starfsleyfi er gefið út eða í síðasta lagi til 20. mars 2024.

Virðingarfyllst,

Skúli Þórðarson  
**sviðsstjóri**

Steinar Rafn Beck Baldursson  
**sérfræðingur**